

Tónleikaferð KKK til Suður-Þýskalands

20. – 27. maí 2005

Föstud. 20. maí: Flug til Frankfurt með lendingu um hádegisbil. Rúta bíður hópsins og ekur fram hjá Würzburg (möguleiki á vínsmökkunarinnskoti) og eftir 3 – 4 tíma akstur er komið til bæjarins Kipfenberg/Pfahldorf í ‘Naturpark Altmühltal’ í Norður-Bayern. Innritun á Landhotel Geyer (www.landhotel-geyer.de). Kvöldverður á hótelinu.



Laugard. 21. maí: Hópurinn tekur því rólega fyrir hádegi, hægt að ganga um Altmühltal eða koma skyldupóstkortunum strax af. Farið



í skoðunarferð til Ingolstadt í eftirmiðdag, mjög falleg borg og með gamla borgarmúra. Tónleikar í félagsheimilinu ‘Kotterhof’ í Íslandsvinabænum Böhmfeld (www.kotterhof.de) kl 18:00. Borðað á veitingahúsi þar í bænum á eftir (NB: aksturstími bílstjóra er takmarkaður við 8 – 10 tíma flesta daga, því er morguninn í ‘hvíld’).

Sunnud. 22. maí: Ekið til Berchtesgaden, ‘Salzbergwerk’ skoðað innan og utan, Arnarhreiður Hitlers eftir því sem tók eru á, svo og Königsee og þetta einstaka svæði í heild sinni. Ekið til baka um ‘Inntal’ og hrífandi fjallahéruð Austurríkis. Þar væri ekki út vegi að syngja: “Innsbruck, ich muss dich lassen”, (e. Bückner?) og eftir nokkurn akstur innritar



hópurinn sig á hið glæsilega Posthotel Hofherr í Königsdorf, innan við stundakstur suður af München (www.posthotel-hofherr.de) til að dvelja þar næstu þrjár nætur. Kvöldverður á hótelinu.



Mánud. 23. maí: Ekinn konungshallahringur um ‘Deutsche Alpenstrasse’,



ævintýrahöllin Neuschwanstein skoðuð, einnig Linderhof, fallegasta kirkjan í Bayern Wieskirche, og endað í Kloster Andechs, sem frægt er fyrir eigin bjórgerð. Bjórkvöld og borðað þar. Eftir um þriggja kortera akstur komum við til baka á hótelið.

Möguleiki að fá mjög vel kunnugan

staðarleiðsögumann með í þessa dagsferð.

Þriðjud. 24. maí: Ekið inn til München. Borgin skoðuð, verslað, farið í Hofbräuhaus og Enska garðinn o.fl. Tónleikar á heimleið, eða jafnvel í áhugaverðri barokkirkju í námunda við Königsdorf? Kvöldverður á hótelinu.



Miðvikud. 25. maí: Ekið gegn um bæinn Marktoberdorf og tónlistarakademían þar skoðuð. Etv. eitt lag tekið fyrir ykkur sjálf í Akademiunni. Ekið áfram gegnum Lindau og meðfram Bodensee, með möguleika á a) skoðun stærstu fossa í Evrópu, Rheinfall í Schaffhausen, b) vínsmökkun í fallegu vínhéraði 'Kaiserstuhl' vestur af Freiburg, c) tónleikum annað hvort í Freiburg eða

fallegri (en stórr) þorpskirkjunni í Obersharmersbach. Komið á hotel Bären í Oberharmersbach í Svartaskógi undir kvöldið, kvöldmáltíð þar (www.baeren-oberharmersbach.de).

Einnig væri hugsanlegt að halda tónleika í þorpskirkjunni þá um



kvöldið, sem væntanlega myndi minnka möguleikann á vínsmökkun fyrr um

daginn?

Fimmtud. 26. maí: Stutt dagsferð um Svartaskóg og til Freiburg. Komið til baka tímanlega í eftirmiðdag

og slappað af áður en blásið verður til grillveislu í garðinum. Gott að brýna raustina aðeins þar?

Föstud. 27. maí: Dagurinn tekinn snemma, brottför 8:00 – 8:30 til að ná örugglega til flugvallarins í Frankfurt um hádegisbilið. Í loftið um 14:00, lent með Ísafold á Ísafold um 15:30.

Innifalið:

Akstur í rútu skv. ferðarlýsingu með íslenskri fararstjórn allan tímann. Gisting í tvíbýli með baði og morgunverði á völdum hótelum. 5 kvöldmáltíðir (án drykkja). Flug m. öllum gjöldum og sköttum til og frá FRA.

Verð:

Ca. ISK 90.000 á mann miðað við 48 manns.

Aukagjald v. einstaklingsherb. ca. ISK 10.000,-

Leiðarkort KKK-2005

(Hringur sýnir flugv. í Frankfurt, krossar sýna gististaði).

